



## Samtakahópurinn 14.maí 2020 kl. 14.00

### Fjarfundur.

**Mætt: Guðmunda María, Kristján Freyr Geirsson, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Guðrún María, Hólmfríður Karlsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Aron Freyr Kristjánsson og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.**  
**Forföll Guðrún Magnúsdóttur og Kolbrún Þorgilsdóttir**

\*\*\*

### Fundargerð

#### 1. **Kynning á rannsókninni ungt fólk 8. – 10. bekkur í Reykjanesebæ.**

Margrét Lilja Guðmundsdóttir sérfræðingur frá Rannsóknnum og Greiningu fór yfir helstu niðurstöður í rannsókninni **Ungt fólk 2020.**

Samtakahópurinn þakkar Margréti fyrir góða kynningu. Ljóst er að mjög gott starf hefur verið unnið á

#### Lykiltölur í lífi barna Reykjanesebær



undanförnum árum er varðar forvarnarmál og góðir sigrar unnist. Á sama tíma er óhætt að segja að blikur séu á lofti og gera megi mun betur á mörgum sviðum. Það mun verða verkefni okkar allra á næstu misserum. Skýrslan verður gerð aðgengileg á vef Reykjanesbæjar og allir skólastjórar munu fá skýrsluna fyrir sinn skóla. Samtakahópurinn þakkar Margréti Lilju fyrir góða kynningu.

## 2. Reykjanesbær á tímum Covid 19

Íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir nokkrar jákvæðar aðgerðir sem Reykjanesbær stendur fyrir á tímum Covid 19.

## 3. Hreyfivika UMFÍ

Íþrótt- og tómstundafulltrúi og lýðheilsufulltrúi munu funda í næstu viku til að skipuleggja með hvaða hætti Reykjanesbær getur tekið þátt í vikunni þetta árið.

## 4. Námskeið fyrir börn og ungmenni sumarið 2020

Íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnti fjölbreytt námskeið sem boðið er upp á fyrir börn og ungmenni sumarið 2020. Námskeiðin eru aðgengileg á vefnum [sumar.rnb.is](http://sumar.rnb.is)

## 4. Forvarnardagur Samtakahópsins vor 2020

Frestað til haustsins 2020



**Sumar í Reykjanesbæ!**  
[sumar.rnb.is](http://sumar.rnb.is)

Fræðsluvið hefur umsjón með að safna saman upplýsingum á vefnum [sumar.rnb.is](http://sumar.rnb.is) um hvað stendur börnum og ungmennum til boða á sumrin og á veturna. Vefurinn er kjörin leið til að auðvelda foreldrum og forráðamönnum að finna afþreyingu í samráði við börnin sín sem hentar hverju sinni.

Þau sem vilja bæta við auglýsingum um tilboð geta gert það með að senda tölvupóst með upplýsingum á netfangið [hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is](mailto:hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is)

Íþrótt- og tómstundafulltrúi

REYKJANESBÆR

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30